SÖNGVAKEPPNIN 2015

REGLUR

1. Í Söngvakeppninni 2015 er valið það lag sem verður framlag Íslands í forkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2015 (Eurovision Song Contest 2015, hér eftir nefnt ESC 15) sem fram fer í Austurríki í maí 2015.

2. Söngvakeppnin 2015 fer fram í beinni útsendingu í mynd-, hljóð- og rafrænum miðlum Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) í febrúar 2015. Nánara fyrirkomulag keppninnar verður kynnt síðar.

3. Rétt til að senda inn lög og texta hafa þeir laga- og textasmiðir sem hafa íslenskt ríkisfang og/eða eru búsettir með lögheimili á Íslandi frá og með 1. september 2014 og fram yfir ESC 15. Uppfylli þátttakendur ekki þessi skilyrði teljast höfundarverk þeirra ekki tæk í keppnina. Höfundum er þó heimilt að vinna lög og texta í samvinnu við aðra, þ.m.t. þá sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, þannig að tveir þriðju hlutar lagsins og helmingur texta séu eftir íslenska höfunda. Höfundum sem eru fastráðnir starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf. á ofangreindu tímabili er ekki heimilt að taka þátt í Söngvakeppninni 2015.

4. Innsend lög og textar skulu vera ný og óútgefin verk og lengd þeirra skal ekki vera lengri en 3 mínútur. Hvorki lag né texti má undir nokkrum kringumstæðum hafa komið út á einka- eða markaðshljóðriti, þ.m.t. á hljómplötu, kassettu, geisladiski, myndbandi, á netinu eða annars konar útgáfuformi, í kvikmynd eða neinu öðru formi. Textinn má ekki hafa verið birtur opinberlega s.s. á prenti, á netinu eða annars staðar. Lag og texti mega ekki hafa verið flutt í útvarpi, sjónvarpi, á sviði, á netinu eða á opinberum samkomum. RÚV skipar fulltrúa sína í framkvæmdastjórn keppninnar sem hefur fullt vald til þess að meta hvort innsent framlag uppfyllir ofangreind skilyrði eða ekki. Framkvæmdastjórn keppninnar hefur úrslitavald, komi upp vafamál í þessu samhengi og gildir úrskurður hennar.

5. Öll lög í forkeppni Söngvakeppninnar 2015 skulu flutt á íslensku. Á úrslitakvöldi keppninnar skulu öll lög sem valin hafa verið áfram í úrslit flutt á því tungumáli sem höfundur hyggst flytja lagið á í ESC 15 í Austurríki, verði lag hans fyrir valinu.

6. Hver lagahöfundur má að hámarki senda tvö lög í keppnina. Textahöfundum er þó heimilt að vera höfundar/meðhöfundar að fleiri en tveim textum.

7. Öllum framlögum í keppnina skal hlaðið upp rafrænt á vefsvæði RÚV, www.ruv.is/songvakeppnin, á tímabilinu 26. september 2014 kl. 12:00 til 20. október 2014 kl. 11:59. Ekki verður hægt að hlaða upp lögum eftir þann tíma. Þau framlög sem berast en uppfylla ekki reglur keppninnar á einhven hátt teljast ekki gjaldgeng og koma þar af leiðandi ekki til greina.

8. Þegar lagi er hlaðið upp skal einnig skrá helstu upplýsingar um lag og höfunda, þ.m.t. heiti lags, dulnefni höfunda(r), nafn sendanda, nafn/nöfn höfunda(r) ásamt kennitölu, heimilisfangi/-föngum, símanúmerum og netföngum. Mikilvægt er að höfundur/-ar velji sér dulnefni þar sem lagavalnefnd fær aðeins uppgefin dulnefni og nöfn laga í valferlinu.

9. Allir höfundar skulu hlaða upp íslenskum söngtexta og merkja við hvort lag verði flutt á íslensku eða öðru tungumáli, komist það í úrslit. Endanleg ákvörðun verður síðar tekin í samráði við RÚV. Erlendur texti þarf að liggja fyrir í síðasta lagi fjórum vikum áður en undankeppni hefst hér heima.

10. Framlög sem hlaðið er upp á vefsíðu RÚV þurfa ekki að vera tilbúin í endanlegri útgáfu en þau þurfa að gefa greinilega til kynna hvernig lag og laglína hljómar með undirspili ásamt einni eða fleiri söngröddum. Ef lag kemst áfram skal höfundur í samstarfi við RÚV fullvinna lagið með þeim flytjanda sem valinn verður.

11. Höfundar verða að hafa leyfi allra flytjenda og tryggja að þeir séu meðvitaðir um að lag verði sent í Söngvakeppnina. Flytjendur skulu vera tilbúnir til að flytja lagið í keppninni ef RÚV óskar eftir því.

12. Framkvæmdastjórn keppninnar skipar valnefnd í samráði við FTT (Félag tónskálda og textahöfunda) og FÍH (Félag íslenskra hljómlistarmanna) sem velur þau lög sem taka þátt í forkeppni Söngvakeppninnar og eiga möguleika á að komast í úrslitakeppnina. Valnefnd fær eingöngu vitneskju um dulnefni höfunda og heiti laga. Það er trúnaðarmál hverjir skipa valnefnd.

13. RÚV áskilur sér rétt til að setja sig í samband við lagahöfunda og óska eftir lögum frá þeim, til viðbótar við innsend lög í keppnina.

14. RÚV hvetur höfunda af báðum kynjum til að taka þátt og einsetur sér að leita leiða til að tryggja sem jöfnust kynjahlutföll þegar kemur að dagskrárgerðinni í kringum Söngvakeppnina í samræmi við yfirlýst markmið RÚV í jafnréttismálum.

15. Þegar valnefnd hefur lokið störfum verður haft samband við höfunda þeirra laga sem valin verða til þátttöku. Fundað verður með höfundum, þeim gerð nánari grein fyrir reglum, framgangi mála, undirbúnings- og upptökuferli auk tilhögunar forkeppni og lokakeppni.

16. Höfundar þeirra laga sem valin verða til þátttöku í undankeppni Söngvakeppninnar þurfa að skila inn þátttökueyðublaði með gildum undirskriftum allra höfunda í síðasta lagi 10 dögum eftir að þeim hefur verið boðin þátttaka.

17. RÚV eyðir innsendum framlögum sem ekki ná inn í undankeppnina og er höfundum frjálst að nota lög sín á öðrum vettvangi.

18. RÚV tilkynnir heiti laga, nöfn höfunda og flytjenda opinberlega í fréttatilkynningu eða á blaðamannafundi þegar haft hefur verið samband við alla höfunda og bindandi samningar við þá liggja fyrir. Fram að þeim tíma eru niðurstöður valnefndar algert trúnaðarmál. Síðar verður opinberlega tilkynnt um röð laga og frekari tilhögun keppninnar. Eftir þetta geta laga- og textahöfundar ekki dregið sig eða viðkomandi lög og texta út úr keppninni.

19. Allur undirleikur verður tekinn upp fyrirfram og leikinn af stafrænu tæki (play-back) í undankeppni og lokakeppni Söngvakeppninnar. Því verður ekki lifandi hljóðfæraleikur á

sviði. Allur söngur, bæði forsöngur og bakraddir, skal þó vera í lifandi flutningi og óheimilt er að nota nokkurs konar raddlíkingar eða endurspilaðar raddir í keppninni.

20. Fjöldi þátttakenda á sviði skal vera að hámarki sex manns hvort heldur er í Söngvakeppninni eða ESC 15 og skulu þátttakendur á sviði hafa náð 16 ára aldri eigi síðar en í árslok 2014. Aldurstakmarkið á þó ekki við um höfunda.

21. RÚV hefur endanlegt ákvörðunarvald um val á flytjendum, framleiðslu sjónvarpsþátta, tilhögun kynningarefnis, skipulagningu, sviðsetningu og framsetningu tónlistaratriða og alla opinbera spilun. Undir þetta fellur t.d. skipan hljóðfæraleikara, uppröðun á sviði, allar sviðshreyfingar, búningar, stílisering, leikmunir á sviði, myndvinnsla, lýsing, öll hljóðvinnsla í sal, á sviði eða í útsendingu og annað sem tilheyrir keppninni. Komi upp ágreiningur eða vafamál í tengslum við val á flytjendum gildir tillaga RÚV. Náist ekki samkomulag um þessi atriði hefur RÚV fullt leyfi til að vísa lagi úr keppni og velja annað í þess stað.

22. RÚV skipar í fimm manna dómefnd sem starfar aðeins á úrslitakvöldi Söngvakeppninnar, en vægi hennar er 50% á móti 50% vægi símakosningar almennings. Nöfn dómnefndarmanna verða gerð opinber í síðasta lagi viku fyrir úrslitakeppni Söngvakeppninnar.

23. Markaðssetning og kynningarstarf verður samhæft og unnið í samráði við RÚV. Lögin og textarnir í keppninni mega ekki koma út á neinu hljóðriti, á netinu eða neins konar miðli eða birtast á prenti fyrir forkeppnina nema á opinberu hljóðriti keppninnar og á vef RÚV. RÚV setur nánari reglur gerist þess þörf.

24. Kostun vegna sviðsetningar, búninga flytjenda eða annars sem tengist flytjendum eða höfundum á persónulegum eða opinberum vettvangi í tengslum við keppnina er ekki leyfileg, nema með skriflegu leyfi RÚV.

25. Samningar lagahöfunda, textahöfunda eða flytjenda við plötuútgáfur, umboðsmenn, kostendur eða aðra hafa ekki nein áhrif á vinnslu eða annað sem tengist keppninni eða gerð sjónvarpsþátta. Höfundar, flytjendur og aðrir þátttakendur, þ.m.t. plötuútgefendur, umboðsmenn og aðrir þurfa að fallast í einu og öllu á skilmála og reglur RÚV og EBU (Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva) varðandi keppnina.

26. Allir þátttakendur, lagahöfundar, textasmiðir og flytjendur gangast undir þá skuldbindingu að tónlist þeirra og flutningur komi út á safnplötu eða öðrum þeim miðli sem RÚV kýs að gefa út sjálft eða í samvinnu við útgáfufyrirtæki. Sigurvegarar í Söngvakeppninni 2015 (höfundar og flytjendur) gangast undir skilmála EBU um að viðkomandi lag og texti í endanlegri gerð komi út á safnplötu ESC 15, myndband og sviðsflutningur í Austurríki komi út á DVD diski ESC 15 og allt kynningarefni, ljósmyndir og annað efni sem útbúið verður í tengslum við keppnina sé nýtt að fullu á hvern þann hátt sem reglur keppninnar kveða á um.

27. Flytjendur sigurlagsins í Söngvakeppninni í febrúar 2015 verða ekki sjálfkjörnir fulltrúar Íslands þegar kemur að ESC 15. RÚV mun, að höfðu samráði við höfund(a) þess lags sem sigrar, velja það listafólk sem tekur þátt í ESC 15 fyrir hönd Íslands, hvort sem um einstakling, sönghóp, tónlistarfólk, dansara eða aðra er að ræða. Þeir sem verða fyrir valinu

samþykkja að hlíta öllum reglum og skilmálum sem RÚV og EBU setja í tengslum við keppnina eða fyrirgera rétti sínum til þátttöku ella.

28. Heiti, merki, líkingar eða önnur einkenni Söngvakeppninnar og ESC 15 má ekki nota í kynningar- eða auglýsingaskyni, á geisladiskum, bókum, bæklingum, kynningar- eða auglýsingaefni eða í tengslum við neitt annað efni, hvort sem um opinberar birtingar, útgáfur eða hvað annað er að ræða, án undangenginna samninga og skriflegs leyfis RÚV og EBU.

29. RÚV stýrir opinberum flutningi laganna sem valin verða til þátttöku í Söngvakeppninni 2015 og þau má **ekki á neinn hátt** flytja, birta opinberlega eða selja fyrr en eftir að keppninni er lokið, nema RÚV hafi gefið til þess sérstakt leyfi.

30. RÚV og EBU fá fullan rétt til að nýta opinbera framkomu og allar upptökur þeirra laga sem taka þátt í Söngvakeppninni og einkum sigurlagsins sem verður fulltrúi Íslands í ESC 15, til beinnar útsendingar eða til notkunar síðar, hvort heldur er í sjónvarpi, hljóðvarpi, á netinu eða í öðrum miðlum, í þáttagerð eða með hvaða öðrum hætti sem er, hvenær sem er, eftir að Söngvakeppninni og ESC 15 lýkur, samkvæmt reglum EBU.

31. Komi til þess að þátttakendur, flytjendur, höfundar laga eða texta eða aðrir sem tengjast flutningi laganna brjóti reglur keppninnar, hvort heldur er reglur Söngvakeppninnar eða ESC 15, áskilur RÚV sér fullt vald til að útiloka viðkomandi frá frekari þátttöku án þess að til komi nokkur greiðsla eða bætur. Hafi viðkomandi þegar hlotið einhverjar greiðslur af hálfu RÚV eða samstarfsaðila, áskilur RÚV sér rétt til að krefjast fullrar endurgreiðslu og bóta.

32. Brjóti einn eða fleiri flytjendur og/eða höfundar reglur um útgáfu og/eða aðrar reglur keppninnar, ber viðkomandi skilyrðislausa ábyrgð gagnvart RÚV. Við brot á reglunum um útgáfu, sem og öðrum reglum keppninnar, er orsakast af samningi söngvara/flytjanda við útgáfufyrirtæki, ber söngvarinn/flytjandinn einn alla ábyrgð á þeim kröfum sem fram kunna að koma frá þriðja aðila. RÚV tekur enga ábyrgð á því samningsbroti og ber engan kostnað vegna þess.

33. Lagahöfundur/-höfundar og textahöfundur/-höfundar skuldbinda sig með undirskrift sinni á þátttökueyðublaði til að hlíta þessum reglum og reglum ESC 15 í einu og öllu. Undirritaður/-ir heitir/-a því að halda trúnað og hafa ekki í frammi neina ósæmilega hegðun sem getur sært blygðunarkennd.

34. Þessar reglur eru settar af RÚV og taka gildi 2. október 2014. RÚV áskilur sér fullan rétt til að breyta reglunum, túlka þær nánar og skera úr um öll vafaatriði sem upp kunna að koma.

Dagskrárdeild RÚV
Október 2014